

Borgarnesi 15. febrúar 2021.

Varðar: Inniaðstöðu GB í Brákarey

Sveitarstjóri Borgarbyggðar. Þórdís Sif Sigurðardóttir

Sæl Þórdís.

Vísa til fyrra bréfs fá okkur varðandi þetta mál dags. 12. febrúar 2021

Eftir að hafa skoðað umsagnir Byggingarfulltrúa og úttekt eldvarnareftirlits á húsnæði Borgarbyggðar í Brákarey vil ég benda nokkur atriði.

Í umsögn Eldvarnarfulltrúa er nefnd eftirfarandi atriði:

**–,Aðstaða golfklúbbs“**

- „Flóttaleiðir eru læstar og þarf að bæta úr því“
- „Flóttaleið liggur í gegn um dósamóttöku Öldunar framhjá rafmagnstöflu þar sem flóðlekur vatn í og við“ „Því er einungis hægt að gera ráð fyrir einni flóttaleið úr rými golfklúbbsins“
- „Vöntun er á loftræsingu/reykræsingu í rýminu. Reyklosun skal vera skv. grein 9.8.4.byggingarreglugerð“

Þessi atriði eru flest auðleysanleg.

- Flóttaleið um aðalinngang er opin þegar einhver er í rýminu.
- Flóttaleið um dósamóttöku Öldunnar ætti ekki að vera miklið mál að laga.
- Reyklosun. Ætti að vera auðvelt að laga, því á norðurgafli rýmisins var stór vifta sem var ónýt þegar við tókum við rýminu. Það var klætt fyrir gatið því þarna blés og rigndi óhindrað inn. Þarna ætti að vera hægt að koma fyrir búnaði til reyklosunar.

Varðandi athugasemdir Byggingarfulltrúa Borgarbyggðar vona ég að þau mál verði leyst innanhúss hjá ykkur með ásættanlegum fyrirvara.

Ég áréttá að fyrirvaralaus lokun á allri starfsemi í umræddu húsi kemur til með að hafa mikil áhrif, bæði fjárhagslega og á félagsstarf fjölda félaga og félagsmanna, sem telja á milli 500 – 600 manns. Ekki verður séð að önnur lausn finnist á húsnæðismálum þessara félaga hér í Borgarnesi á næstu árum.

F.h. Golfklúbbs Borgarness,

Ingvi Árnason